

## II

### RÆÐA MÁSS JÓNSSONAR

#### 1. Inngangur

Við mat á riti sem lagt er fram til doktorsvarnar þarf tvennt að koma til. Annars vegar má freista þess að skilja og dæma árangurinn á þeim forsendum sem höfundur leggur fram í upphafi máls eða birtir smám saman eftir því sem umfjöllun vindur fram. Slíkt mat felur í sér úttekt á því hversu vel eða illa hefur gengið miðað við það sem stóð til að gera. Það felur líka í sér úrskurð um það hvort, að gefnum forsendum, eitthvað skorti eða sé óþarft í ritinu, til dæmis að of mikið sé um smáatriði en of lítil hugsun um aðferðir. Sérhver athugun verður að njóta sannmælis í þeim skilningi að ekki má einblína á það sem hún ætlaði sér aldrei að vera eða gera.

Á hinn bóginn verður ekki hjá því komist að líta á allt það sem slíkt rit er ekki og meta gæðin út frá því sem lesanda finnst um það hvernig eigi að skrifa fræðirit og gefa út ritsmíðar frá fyrri öldum. Andmæli eru andmæli og höfundar geta ekki krafist þess að verk þeirra séu einungis tekin út miðað við það sem þeir ætluðu sér, heldur verða þeir að búa sig undir athugasemdir af öðrum sjónarhóli. Í því sem á eftir fer tekst mér vonandi að fullnægja þessum skilyrðum tvenns konar nálgunar (innan frá og utan frá), en umfjöllun skipti ég í fjóra hluta. Að loknum inngangsorðum eru fáeinar setningar um frágang verksins. Þá kemur nokkuð um frásagnarhátt, meira um útgáfu og skýringar, en mest um sjö nýjungar sem höfundur boðar í formála (15–16) og byggir tilverurétt rits síns að miklu leyti á.

Meginvandi þeirrar bókar sem hér er til umfjöllunar er að hún veit ekki alveg hvort hún er ritgerð um Jón lærða eða útgáfa á Eddurítum hans, Samantektum um skilning á Eddu (framvegis *Samantektir*) og Að fornu í þeirri gömlu norrænu kölluðust rúnir bæði ristingar og skrifelsi (framvegis *Ristingar*). Formleg uppsetning bókarinnar sem inngangur í einu bindi og texti í öðru bendir til sjálfskilnings sem útgáfu, en 500 síðna inngangur að hundrað síðna texta veldur því að rit Jóns lærða líkjast fremur viðauka en aðalatriði. Umfang inngangs er meira en gengur og gerist, jafnvel þótt þróunin hafi verið í þá átt undanfarin ár að fræðilegum útgáfum fylgi æ rækilegri skýrslur um tengsl handrita og samsetningu þeirra, málfar, stafsetningu og menningarsögulegt umhverfi rita og höfunda. Mun meiri vinna er oft á tíðum lögð í innganginn en útgáfuna sjálfa, sem að mínu viti er óæskilegt og væri betra að gefa út fleiri rit, því að fornra texta er beðið með meiri eftirvæntingu en útlegginga fræðimanna á þeim. Í því tilvikum sem hér er um ræðir virðist umræddur vandi

eiga sér þá skýringu að upphaflega hafi staðið til að gefa Samantektir út sem sérstakt rit og hefði bókinn þá orðið litlu meiri vöxtum en *Ensk miðaldaævin-týri* sem Einar Gunnar Pétursson gaf út árið 1976 með 120 síðna inngangi og 108 síðna texta. Ristingar Jóns lærða bættust við síðar, en eru aðeins sex blað-síður og breyta raunar litlu um lengd bókarinnar.

Það sem greinilega vafðist fyrir doktorsefni við útgáfu á Edduritum Jóns var sú löngun hans — sem fyrst birtist á prenti árið 1971 — að gera Jóni sjálfum ítarleg skil og hefja hann óvæfengjanlega upp í lærðra manna tölu. Inn í þetta blandast líka sá draumur doktorsefnis að gefa öll rit Jóns lærða út og hefði skýrari nálgun að mínu viti leyft annað tveggja: kostur a) væri eiginleg ævisaga Jóns lærða, en kostur b) útgáfa á heildarverkum hans. Mér hefði fundist fara betur á því að gera þetta sitt í hvoru lagi á tveimur sjálfstæðum bókum, því að sem inngangur er inngangur *Edduritanna* ofvaxinn og texti Jóns lærða hverfur í skuggann. Við fáum hvorki þá allsherjar úttekt á Jóni sem Hannes Þorsteinsson auglýsti eftir árið 1902 (1902:702) né útgáfu á verkum hans í heild.

Þessi tvöfalda áhersla angrar umfjöllun höfundar hér og þar, kannski svipað því þegar tvö forrit rugla vinnslu í tölvum. Aldrei er truflunin þó alvarleg nema í heiti bókarinnar, sem er bókfræðilega vonlaust fyrir þá sök að nöfnum ritgerða Jóns í heild er skotið inn í titil á milli „Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða“ og „Þættir úr fræðasögu 17. aldar“. Ef að líkum lætur verður aldrei vísað í þetta rit öðruvísi en sem *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða. Þættir úr fræðasögu 17. aldar*. Hinu verður sleppt.

## 2. Frágangur

Ég er feginn því að blaðsíðutal inngangs skuli vera með arabískum tölustöfum, en ekki rómverskum eins og algengt er í inngöngum að strangfræðilegum útgáfum á vegum stofnana Árna Magnússonar og annarra. Blaðsíða 478 hefði annars orðið CDLXXVIII og mætti finna enn erfiðari dæmi að ráða úr eða skrifa eftir í tilvísun. Þetta er því góð ráðstöfun og hefði mátt gæta sama sjónarmiðs aðgengileika og skýrleika við gerð heimildaskrár.

Handrit sem höfundur notar eða nefnir eru um 360 talsins, ef marka má sérstaka skrá í fyrra bindi á bls. 485–491, en þar er vísað til blaðsíðna þar sem þeirra er getið. Ekkert handritanna heitir neitt í skránni, enda er hún fremur viðbót við nafnaskrá ritsins en hluti heimildaskrár. Þetta kæmi ekki að sök ef handrit væru skilmerkilega tilgreind og útskýrð í heimildaskránni sjálfri. Þar eru handrit færð á tveimur stöðum. Undir fyrirsögninni „*Óprentuð rit, handrit og skjöl, sem vísað er til*“ eru 25 handritsnúmer sem vísa til skráningar á

tilteknum stað: Þjóðskjalasafn, Árnasafn í Kaupmannahöfn, Árnastofnun í Reykjavík. Aðeins skjöl heita eitthvað, þar á meðal bréf Odds Sigurðssonar lögmanns til stiftamtmanns árin 1708–1717 í böggulunum Stift. III–49 a og b í Þjóðskjalasafni. Aðeins eitt bindi af bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar er nafngreint (AM 281 fol), en hvorki önnur bindi þeirra sem notuð eru né bréfabækur Þormóds Torfasonar. Þær eru bara númer: AM þetta, AM hitt, Lbs þetta og JS hitt.

Og hvar eru hin handritin sem vísað er til í handritanúmeraskrá? Yfir 300 koma ekki fyrir í heimildaskrá, en til viðbótar við þau 25 sem þegar er getið á það við um 20 handrit í skránni yfir óprentuð rit að þau eru skammstöfuð með vísun til skrár sem fylgir og heitir „*Prentuð rit og handrit skráð á höfund eða titil*“. Þetta á meðal annars við um bréfabækur Gísla biskups Oddssonar, sem skammstafaðar eru „GíslOdds. *Bréfab.*“, og kemur fram að notuð voru handritin AM 245 4to og AM 247 4to. Það er skárra en að fá númerið ein-tómt, en hið eina rétta hefði verið að tilgreina hvert einasta handrit eftir íverustað með númeri og nafni. Handrit eru — þegar allt kemur til alls — merkilegri en prentaðar bækur og sú hefð er vond að skrifa ekki heiti þeirra í tilvísunum og skrá.

Skráin um prentuð rit og handrit skráð á höfund eða titil tekur til nærri 400 prentaðra rita og handrita. Hún er fullnægjandi að efninu til, en uppröðun sérkennileg. Neðanmálgreinar í inngangi byggja á vandlega gaumgæfðu kerfi styttinga, þar sem grein Einars Gunnars sjálfs um Flateyjarbók og Þorláksbiblíu er látin heita „EGP. *Flat.*“, en útgáfa Njarðar P. Njarðvík á Sólarljóðum „NPN. *Sólarl.*“, svo að dæmi séu tekin. Hugsanlega sparar þetta pappír, en gallinn er sá að í ritaskránni er bókum og greinum raðað eftir eiginlegri stafrófsröð, en ekki stafrófsröð skammstafana. Oftar en ekki fer þetta tvennt saman, en stundum torveldar fyrirkomulagið leitina og má nefna skammstöfunina „GHM.“ fyrir *Grönlands historiske mindesmærker* á milli „*Gríma*. ÞMJ.“ og „*Guðbj. Vatnsfj.*“. Skammstöfunin „GÁG. *BjörnJ.*“ fyrir grein Guðrúnar Ásu Grímsdóttur um Björn á Skarðsá kemur á milli „*GuðÝrJ. Gen.*“ og „GunnH. *Heims.*“ Þetta hefði mátt gera með einfaldari hætti.

Hér er við hæfi að geta þess að ég fann fimmtán prentvillur, sem fæstar skipta verulegu máli, en sumar svolitlu. Á bls. 27 vantar til að mynda orðið *móðir* á undan Ragnheiði Pálsdóttur í ættfærslu um Brynjólf biskup. Á bls. 200 segir: „Þess vegna er settur orðamunur úr Þ sem gætu verið runnin frá forriti þess.“ Á bls. 304 segir „erfið í framkvæmt“ og „þar sem reynt að draga saman“, en á bls. 429 „að Jón hafi þekkt einhvert handrit Eddukvæða“ og „fumbulþulur“ fyrir „fimbulþulur“. Á bls. 183 er haft fyrir satt að síðasti Íslendingurinn sem vann fyrir Svía á 17. öld hafi verið Þorvaldur Brochmann, en á að vera á 18. öld og er ljóst af samhenginu.

Loks má nefna varðandi frágang að þægilegt hefði verið að hafa eitt landakort eða tvö um flutninga Jóns um landið og nokkrar myndir af handritum hans og kannski af vatnsmerkjum sem lýst er ítarlega á nokkrum stöðum.

### 3. Frásagnarháttur

Vægt til orða tekið er stíll doktorsefnis þunglamalegur og ekki alltaf heiglum hent að komast áfram við lesturinn. Vissulega tekst vel til víða, einkum þar sem lýst er æviatriðum Jóns lærða og öðru sagnfræðilegu efni, en setningar eru margar óþjálar (203):

Eiríkur Guðmundsson Hoff ... lærði prentverk á Hólum og sigldi til að læra meira, en 1773 gerðist hann yfirprentari í Hrapsey en sigldi fljótlega.

Stundum er jafnvel eins og eitthvað vanti: „af bókabrennuni er sagt til útskýringar á því að fátt er að segja, en meira hefði verið til“ (43). Af þessu leiðir að þræðir frásagnar geta orðið vandraktir og ekki er alltaf alveg ljóst hvert verið er að fara. Stundum er lesanda þvælt í hringi eða röksemdafærsla er krókótt: „Styrkir þetta, að handritið hafi verið skrifað á seinni hluta 18. aldar, sem reyndar er augljóst af rithendinni“ (239).

Vangaveltum mörgum væri betur sleppt, til dæmis þessari (219):

Samkvæmt þessu hefur Oddur lögmaður getað átt tvö handrit *Smt*, annað með hendi Björns á Skarðsá sjálfs og hefur það örugglega verið með B-texta, en hitt með hendi séra Jóns í Villingaholti með Á-texta, en úr því verður ekki skorið með vissu. Hér er ég þó líklegast á villigötum, því að *Snorra-Edda* með skýringum Björns á Skarðsá getur eins vel verið sama rit sem nefnt er sem 10. liður á miðanum framan við AM. 552 n, 4to ...

Bollaleggingar af þessu tagi hjálpa engum og mörgu sambærilegu hefði mátt sleppa eða stytta verulega, því þokukennur stíll spillir annars ánægjulegum lestri og gerir að verkum að lesandi man síður eftir því sem sagt er. Sama gildir um útdúra á borð við þann sem hefst með orðunum „Hér verður að nefna handritið Nks. 1886, 4to (= G)“ (184). Þeim fylgir heil blaðsíða um handritið, en svo varð ég hissa (185):

Eftir að ljóst varð að G er ekki komið af Á er ekki einsýnt að hafa þennan póst um G hér, en það fellur þó vel að tímasetningu og ekki gott að sjá annan stað.

Annað vandamál frásagnarháttar eru endurtekningar. Á bls. 14 er ákveðið að taka Ristingar með, en þegar á næstu síðu áréttað að ófært hafi þótt annað en að taka þær með. Enn er ítrekað á bls. 174 að ófært hafi verið að sleppa þeim. Ummæli Árna Magnússonar um að Eddur geysimargar hafi brunnið í Kaupmannahöfn 1728 eru nefnd með tveggja blaðsíðna millibili (48, 50) og á óteljandi stöðum er endurtekið að Brynjólfur biskup hafi unnið að riti um fornan átrúnað (t.d. 14, 22, 49, 54, 307). Doktorsefni er sér meðvitað um þessa tilhneigingu til að endurtaka hluti, en bætir gráu ofan á svart með því að minna stöðugt á hana með orðalagi á borð við „Eins og fyrr gat“, „hér að framan“, „sem fyrr sagði“, „eins og áður sagði“, „eins og fyrr sagði“, „eins og áður var getið“, „eins og áður hefur komið fram“, „fyrr var talað um“, „sem áður var nefnt“, „hér á eftir“. Sama á við um óbærilega margar millivísanir yfir í aðra kafla, kaflahluta og blaðsíður. Í tólf línur á bls. 90 er þrívísun vísað aftur á bls. 64–65, 82 og 84. Sumar vísanir eru margliða: „sbr. skýringar við 86.18–22 í 5. kafla b), og á tengsl hans við Jón lærða er minnst við lok d) liðar í þessum kafla (s. 98)“ (134). Aðrar eru misvísandi, svo sem þegar segir á bls. 273: „Eins og áður hefur verið nefnt er niðurstaðan í 5. kafla a) (s. 298), að ...“ Þess er á hvorugum staðnum getið hvar það er sem áður var nefnt og ég fann það ekki. Enn aðrar millivísanir vísa í aðra vísun sem loks vísar til at-ríðis: „Eins og getið er í 1. kafla a) (s. 19), eru í 6. kafla b) 3 (s. 420–22) leidd rök að því“ (47). Þetta er reyndar ekki alltaf í samræmi, því oftast er vísað í kafla og blaðsíðutal, en stundum bara í blaðsíðutal eða kafla. Við vefsíðugerð í tölvum er ein helsta kúnstin sú að tengja rétt og vel á milli skjala, enda er sá máttur til millivísana og tenginga helsti kostur veraldarvefjarins. Um bækur er þessu öfugt farið að því leytnu til að mjög margar vísanir á milli staða innanborðs benda oftast nær til þess að þörf sé á uppstokkun á efninu. Ég get þess að vísanir sem ég fletti upp voru laukréttar og sama á við um fjölmargar vísanir úr inngangi yfir í útgáfuna sjálfa, en þær eru þarfþing þótt fyrir komi að gert sé ráð fyrir því að lesandi hafi fullmargar bækur opnar á borðinu hjá sér í einu: bæði bindi Einars Gunnars ásamt nokkrum prentuðum og ljósprentuðum útgáfum Snorra Eddu (287). Þegar slík staða kom upp varð mér hugsað til leshringborðs í bókasafni Hafnarháskóla fyrir brunann mikla haustið 1728, sem hægt var að snúa svo lesa mætti margar bækur eða handrit í senn.

#### 4. Aðferð við útgáfu

Textafræði er heilmikið fag með blómlegri umræðu og má vísa til greinasafns frá 1995 í útgáfu D.C. Greethams, *Scholarly Editing. A Guide to Research*, en sami maður gaf árið áður út greinargott yfirlit undir heitinu *Textual Scholarship. An Introduction*. Ekki má heldur gleyma *Den filologiske vitenskap* í ritstjórn Odds Einars Haugens og Einars Thomassens frá 1990. Sérhæfðari umræða fer fram í fagtímaritum fyrir einstök fræðasvið og útgáfufræðatímaritum á borð við *Text* og *Editio*, en að auki í greinasöfnum sem nú spretta eins og gorkúlur, enda útgáfuvísindi í tísku vegna nýrra möguleika á tölvuvinnslu. Þessi umræða hefur ekki skilað sér sem skyldi til íslenskra fræða og er afleiðingin til dæmis sú að víða í inngöngum að fræðilegum útgáfum eru búin til glötuð handrit úr engu öðru en rangri aðferð eða skorti á aðferð og umhugsun um það sem verið er að gera. Einar Gunnar er engin undantekning að því marki sem augljóst er að öll umræða um kenningarlegan grundvöll að útgáfum flókinna og/eða fornra texta hefur farið framhjá honum og ekkert slíkt rit er tilgreint í heimildaskrá, ekki einu sinni doktorsritgerð Odds Einars Haugens um Niðurstigningar sögu, *Stamtæ og tekstlandskap* frá 1992, enda þótt Tíðfordríf Jóns lærða komi þar við sögu (1992 I:42–43). Ég hef ekki farið í saumana á athugunum doktorsefnis á innbyrðis tengslum handrita að Edduritum Jóns, en harma skort á yfirvegun eða umhugsun um það hvaða reglur megi nota eða hanna til að skera úr um það hvernig eitt handrit tengist öðru eða ekki. Þessa hefði verið þörf, ekki síst vegna þess að mörg handritanna frá síðari hluta 18. aldar eru blönduð öðru efni og skrifuð fremur til skemmtunar en fræðilegra afnota. Veigamesta reglan um þessi efni sem orðuð er í inngangi *Edduritanna* er að útgáfa Ólafs Davíðssonar á Áradalsóði Jóns sé ófullnægjandi „þar sem ekki er tekið tillit til allra handrita, sem kunn eru nú“ (137). Hér og þar er líka beitt sögulegri aðferð við rökstuðning á hugvitsamlegan hátt, svo sem til styrktar þeirri hugmynd að til hafi verið tvö eiginhandarrit Jóns lærða að Samantektum (209). Einnig koma fyrir gagnlegar athugasemdir, svo sem að eftirritari sem ekki þekkir tungumálið fylgi stafsetningu forrits nákvæmar eftir (197).

Mjög sjaldan er aftur á móti útskýrt hvernig einstök orð eða setningar eru notuð til úrskurðar, en þó þetta á einum stað (406):

Til sönnunar því að O og 299 eigi sér sama forrit verður hvort handritið um sig að hafa dæmi um upphaflegri leshætti, þar sem hitt hefur afbökun.

Upphaflegri lesháttur er þegar annað þessara handrita á eitthvað sameiginlegt

með aðalhandriti sem hitt hefur ekki. Aðeins fundust fjögur „veik“ dæmi um slíkt, svo úrslitin urðu þau að 299 væri skrifað eftir O. Of lítið er af þvífiklum rökstuðningi miðað við fullyrðingagleði doktorsefnis og orðaval í umræðu um skyldleika handrita. Hann talar um „traust dæmi“ og verður tíðrætt um „sannanir“ fyrir hinu og þessu. Á bls. 267–268 kemur sögnin „sanna“ fyrir ellefu sinnum. Fyrirvarar koma reyndar fyrir líka, til dæmis á blaðsíðum 294–295, þar sem notuð eru orðin „greinilega“, „virðist“, „augljóslega“, „augljóst“, „mjög traust“, „auðséð“, „eðlilegt“, „tæplega“, „líklegast“. Hvergi er þó tekið til umræðu hvað sé nákvæmlega hægt að nota til marks um skyldleika handrita. Pulin eru dæmi og talað í fullvissu um að þau sanni eitt og annað, en ekki velt vöngum yfir því hvað sé traust dæmi og hvað veikt dæmi, eða almennt hvað sé hægt að sanna og afsanna í þessum efnum.

Doktorsefni skrifar: „Tilgangur þessarar útgáfu er að gefa út texta *Smt* eins líkastan því og Jón lærði gekk frá honum og mögulegt var“ (261). Gallinn er þá sá að helsta handritið, Sth papp 38 fol eða „Á“, er ekki vandað (285–286). Ásgeir Jónsson lagði sig ekki fram við að skrifa það og stafsetning hans er ekki í samræmi við stafsetningu Jóns lærða: „þess vegna er minni ástæða en ella að fjalla nákvæmlega um stafsetningu Ásgeirs Jónssonar á Á“ (189). Þrátt fyrir þetta er útgáfan höfð stafrétt, Samantektir eftir Ásgeiri og Ristingar eftir NKS 1867 4to frá um 1760, með leiðréttingum eftir öðrum handritum eftir því sem þaulhugaðar vinnureglur kveða á um, en allt slíkt gaumgæfilega auðkennt og útskýrt neðanmáls. Í *Edduritunum* er greinarmerkjum bætt við innan oddklofa, oftast punktum og kommum sem vantar í handritið, þótt að sögn Einars Gunnars megi „eflaust deila um hvort þau hafa alltaf verið sett á rétta staði“ (189). Í Ristingum er sýnt mismunandi bil á eftir punkti (407). Miklar vangaveltur eru viðhafðar um skiptingu orða á milli lína, hvort sé eitt orð eða tvö, en síðan segir höfundur (191):

Annars er það síður en svo, að alltaf sé ljóst, hvort orð sé skrifað í einu orði eða tveimur og má þar búast við ósamræmi í prentun, en það varðar vart miklu.

Af hverju er þá verið að eyða tímanum í þetta?

Peirri vinnureglu er fylgt í Samantektum að „hafa stóra stafi og litla í samræmi við það sem er í handritinu, en þó er litlum stöfum í upphafi sérnafna breytt í stóra. Ekki er alltaf skýr munur á stórum staf eða litlum, og einnig er óglöggur munur á I og J“ (190–191). Ristingar fá aðra meðferð án þess að það sé útskýrt eða vísað á milli, því að „Engin leið er að greina að stór eða lítil *s* í upphafi orðs, en prentuð eru lítil *s* nema í eiginnöfnum og á eftir punkti“ (407–408). Greint er á milli *n* og *N*, *m* og *M* og *v* og *V* en *G* er aðeins prent-

að ef það er upphafsstafur „en ekki ef það er skrifað eins og venjulegt *g* í stærra lagi“ (408). Hér hefði þurft samræmi eða rökstuðning fyrir misræminu, enda kemur á daginn þegar útgáfa Samantekta er borin saman við handritið að hægt væri að þrasa endalaust um stærð á tilteknum stöfum hjá Ásgeiri, einkum *h*, *þ* og *l*. Strangt tekið skrifar hann, til dæmis, þrenns konar *l*: eitt sem er ansi stórt (*L*), annað lítið (*l*) og þriðja þar á milli. Aðferð doktorsefnis leiðir til þess að setningin „hann Lærði þar með at Leysa þriar elldingar or Lopti“ hefur þrjú *L* (II:3). Farsælla hefði verið að fylgja reglu Ristinga og hafa þau lítil í upphafi orða innan setninga, því öll þessi *L* trufla lesturinn.

(Innan sviga og til marks um það hversu vitlaust það getur verið að gefa út stafrétta texta er, að í ályktun háskólaráðs Hafnarháskóla um Jón lærða 15. apríl 1637, sem birt er í heild á hálfri blaðsíðu í inngangi, eru að mínu viti sjö lestrarvillur og enn fleiri álitamál um stóran staf eða lítinn, upplausn banda og styttinga eða hvort stafur sé *v* eða *w*, *h* eða *k* (88). Tilvísun í skjalabókina er reyndar höfð eftir úreltri skráningu á Ríkisskjalasafni sem Universitetets arkív 85, en á samkvæmt núgildandi skrá frá 1978 að vera KU 12.03.07. Kon-sistorium. Acta Consistorii 1634–1645.)

Sé boðuð ofurnákvæmni við útgáfuverkið höfð í huga og sú fyrirhöfn sem henni fylgir undrast ég að styttingar og bönd skrifara skuli vera leyst upp. Ef á annað borð er ákveðið að halda einkennum textans sem líkustum því sem þau eru í handriti skil ég ekki hvers vegna sú leið er valin samtímis að útrýma þeim upplýsingum sem styttingar og bönd veita málfræðingum, textafræðingum og jafnvel sagnfræðingum við rannsóknir sínar. Í *Edduriturum Jóns lærða* eru hafðir svigar utan um orðhluta í nokkrum styttingum, svo sem „Gangl(eri)“ fyrir „Gangl.“ og „s(varar)“ fyrir „s.“, en aðrar venjur skrifaranna hverfa í meðförum samkvæmt ítarlegum reglum. Til dæmis er haft *-ir* í lok orða sem enda á *er*-bandi af því endingin *-ir* kemur oftast fyrir en endingin *-er* þegar þær eru skrifaðar fullum fetum. Aftur á móti er haft *-er* í orðum þar sem það á vel við þótt bandið sé það sama, svo sem „hver“ og „Iupiter“ (189). Upplausnastefna þessi er bagaleg ónákvæmni miðað við hitt og eðlilegra hefði verið að nota þá reglu sem Ólafur Halldórsson viðhafði í útgáfu á Grænlandsannálum Jóns árið 1978 og Jónas Kristjánsson í útgáfu á Spán-verjavígum hans árið 1950, því það nægir að rit sem þessi komi fyrir augu lesenda á venjulegri íslensku eða í mesta lagi með svolítið einfaldaðri stafsetningu handrita líkt og Halldór Hermannsson gerði í útgáfu sinni á riti Jóns Um Íslands aðskiljanlegar náttúruvísunir árið 1924 (1924:xxiii–xxiv).

Að þessum álitamálum slepptum er útgáfan hin vandaðasta og kórrétt. Fylgispekt við handrit fer þó út í öfgar þegar haft er „Hercules var ein sonr Iupiters“ af því tvöföldunarstrik vantar yfir *n* (II:6). Þetta hefði átt að leiðrétta þegjandi og hljóðalaust í *Hercules var einn sonr Iupiters* — nú eða hafa odd-



klofa utan um annað ennið. Eins orkar tvímælis að breyta „all eptir Latt“ í handriti Ásgeirs í „all<t> eptir Latt“ (II:88). Fleiri dæmi mætti nefna, en eru smámunir.

Um skýringargreinar doktorsefnis við Samantektir segi ég svo lítið annað en PASS: þær eru einum of. Samantekir Jóns lærða eru þannig saman settar að hann skrifaði klausur úr Snorra Eddu, sem prentaðar eru með stóru lettri, en útskýrði síðan einstök atriði eftir innblæstri sínum eða þekkingu og er það prentað með smærra lettri. Samantekir eru um 3800 línur að lengd, þar af 1100 frá Jóni, sem gerir um 30 blaðsíður á prenti, en á eitt hundrað blaðsíðum í inngangi sökkvir Einar Gunnar sér blygðunarlaust ofan í hverja einustu setningu sem Jón skrifaði til viðbótar. Honum er ljóst að hér er farið yfir strikið, en þægir því frá sér og hefði reyndar helst viljað gera meira (307):

Lesendum finnst eflaust kaflinn langur og margt smátt koma þar fram og skal því ekki mótmælt, en margt fleira væri hægt að skrifa um einstaka efnisþætti en gert er.

Ekki nær nokkurri átt að útskýra hvert einasta orð og benda á mögulegar heimildir allra setninga. Óguðleg vinna er lögð í aragrúa smáatriða og hefði farið betur á því að vinsa úr efni sem er virkilega áhugavert til umfjöllunar, svo sem þá hugmynd Jóns að Sæmundur fróði hafi skrifað Eddu (349) og þjóðsögu um mann sem bjó með selamey (352–354). Ristingar eru útskýrðar á þægilegri hátt (423), því hvert rit sem notað er eða vísað til er tekið út af fyrir sig: Snorra Edda, Biblían, Lilja, Reinalds saga og Rósu. Þetta hefði ekki verið mikið mál með Samantektir líka (395–397) og það eru engin rök að þær séu of langar. Skýringar línu fyrir línu eru í besta falli grundvöllur umfjöllunar og kenninga, vinnuþlög til einkaafnota en ekki birtingar.

## 5. Nýjungarnar sjö

Glæsilega orðuð ádeila séra Guðmundar Einarssonar á Staðastað á Fjandafælu Jóns lærða lagði mér lið við þennan hluta andmælanna. Guðmundur tók saman magnaðan lista átta atriða sem honum fundust aðfinnsluverð umfram annað hjá Jóni og ég les eitt þeirra (114):

... kennijng Jöns G. og Pravidoxum, ad af lærdum sie lijkijng giörd. þad diøflarner sieu so marger, sem Øgn edur är j Sölargeisla, edur droparnir j Niju daga regne af øllum himne.

*Pravidoxum* merkir skökk kenning eða slæm, svo að orðið á ekki við hér, því að mjög margt er gott í þeim sjö atriðum sem doktorsefni tilgreinir (15–16) að séu helstu nýjungar í bókinni. Ég nota því bara orðið kenning og þær sem Einar Gunnar Pétursson leggur fram eru þessar:

1. Brynjólfur biskup ætlaði að skrifa bók um norrænan átrúnað
2. Jón lærði naut álits samtíðarmanna sem fræðimaður
3. Til var handrit Samantekta með hendi séra Jóns í Villingaholti
4. Björn Jónsson á Skarðsá gerði útdrátt úr Samantektum
5. Jón lærði notaði áður óþekktan texta Snorra Eddu (\*O)
6. Jón lærði er höfundur Ristinga
7. Jón lærði þekkti glatað handrit með Eddukvæðum

Atriðin tvö um óþekhta og glataða texta Eddukvæða og Snorra Eddu hefur fyrsti andmælandi tekið fyrir. Ég tek undir með honum og bæti við að miðað við þá óheyrilegu vinnu sem doktorsefni lagði í samanburð á texta Jóns við skinnbækur Snorra Eddu er leitt að hann skyldi ekki taka saman skrá yfir þá staði sem Samantektir virtust segja eitthvað nýtt um, frekar en að láta öðrum það eftir: „ekki verður reynt að gefa reglur um hvernig með skuli fara“ (299). Einar Gunnar virðist heldur ekki vera sérlega viss í sinni sök um gildi hins óþekhta handrits Snorra Eddu þegar hann segir: „engin leið er lengur að vita, hvort \*O var gamalt handrit á skinni eða ung og óvönduð pappírsuppskrift“ (298). Ég hallast að síðari kostinum en hef ekki fleiri orð um það. Hinar nýjungarnar ræði ég í sömu röð og doktorsefni:

*Nýjung 1 eða kenning Einars Gunnars Péturssonar að Brynjólfur biskup Sveinsson hafi ætlað að skrifa bók um fornán norrænan átrúnað og breyti það mjög skodunum manna á uppruna og gildi ýmissa rita frá 17. öld.* Hugmyndin er ekki ný í sjálfri sér, heldur er hér á ferðinni betrubót við athuganir Jakobs Benediktssonar, sem raktar eru á bls. 37–38. Jakob tímasetti áform Brynjólfs til ársins 1647, en doktorsefni færir það til árána „upp úr 1640“ (38). Ég held að þetta sé hárrétt og doktorsefni tengir ritsmíðar Jóns lærða við fyrirætlán biskups með glæsibrag. Það er greinilegt að biskup hélt verndarhendi yfir Jóni og pumpaði hann í staðinn um forna trú, hjátrú og annað sem karlinn, nálægt sjötugu, var frægur fyrir að vita meira um en aðrir. En ég fyllist söknuði við að hugsa til þess hvað hefði getað gerst hefði doktorsefni látið það eftir sér sem hann neitar sér um á bls. 39:

Hér verður ekki reynt að kanna allt, sem gæti styrkt þá hugmynd að Brynjólfur biskup Sveinsson hafi verið farinn að huga að riti um fornán átrúnað um 1640 ...

Þetta gerir Einar Gunnar samt sem betur fer í nokkrum mæli og eru það forvitnilegar og vandaðar athuganir. Ég hefði hins vegar viljað sjá viðleitni Brynjólfs sem þungamiðju verksins. Ritið hefði orðið heildstæðara og hugmynd þess skýrari. Jafnframt hefði orðið til einkar vænlegur útgáfupakki með Eddurítum Jóns lærða báðum og Tíðfordrifi hans, því að sú ritsmíð var líka svar við spurningum biskups og samin árið 1644. Fylgt hefðu tvö eða þrjú rit Björns á Skarðsá, sem fékk að virðist sömu eða svipaðar spurningar um Eddur frá Brynjólfi um leið og Jón lærði, enda voru þetta tveir helstu spekingar og fróðleiksmenn í fornum fræðum á landinu.

Skýringar Björns á Brynhildarljóðum frá 1642 eru, svo að dæmi sé tekið, spegilrit Ristinga og voru í sama handriti séra Jóns Erlendssonar. Páll Eggert Ólason gerði þeim ítarleg skil í fjórða bindi *Manna og mennta* (1926:279–284) og doktorsefni viðurkennir að æskilegt hefði verið vegna sameiginlegra efnisatriða að láta rit Björns fylgja Ristingum í útgáfu (174). Hvergi er rökstutt hvers vegna það var ekki gert. Þetta er mikil synd, því ritin fylla hvort annað upp og Björn skrifar lengra mál, tekur meira upp í sig og setur sig í skemmtilegar stellingar. Hvor þeirra var **betri**, ef svo má að orði komast, skal ég ekki segja, en hefði viljað sjá hugleiðingar doktorsefnis þar að lútandi. Sögðu þessir karlar eitt-hvað merkilegt? Var vit í því sem Jón lærði skrifaði Brynjólfi um Snorra Eddu? Hefði biskup getað notað skýringarnar til einhvers? Við þessu fást engin svör í inngangi *Edduritanna* og höfundur leggur ekki mat á hugmyndalegt gildi þess sem Jón lærði skrifaði. Tilgreind eru orð Finns Jónssonar prófessors um Samantekir á þá leið að formáli sé heimskulegur og skýringar einskis virði: „cum prologo nugatorio... et intermixtis explicationibus nullius pretii“ (188). Þetta hefði Einar Gunnar þurft að ræða og jafnframt velta vöngum yfir því sem Viðar Hreinsson hefur skrifað um Jón: „Hugmyndir Jóns eru, sé reynt að skoða þær í heild, afar sundurlausar og þversagnarkenndar“ (1996:154). Einar Gunnar tæpir einu sinni á svipuðu en ræðir ekki frekar: „Stundum er margt sagt í stuttu máli og því ekki gott að endursegja og efnið ekki alltaf nógu ljóst“ (43).

*Nýjung 2 eða kenning Einars Gunnars Péturssonar að Jón lærði hafi notið meira álits samtíðarmanna sinna en talið hafi verið.* Þessu til stuðnings er ítarlegt æviágrip sem óþarflega mikið er haft fyrir að réttlæta (56, 57):

Þótt segja megí að ekki væri sjálfsagt að hafa kafla um æviferil Jóns Guðmundssonar lærða, þótti við nána athugun rétt að fjalla um hann hér.

Ein meginástæðan fyrir því að kaflí er hafður um æviferil Jóns lærða er sú, að svo virðist sem réttar ályktanir séu oft ekki dregnar af rannsóknnum síðustu ára á ritum frá 17. öld.

Þessar afsakanir eiga ekki við og gildi æviatriðanna er ótvírætt, en þær sýna áðurnefnt flökt á milli þess að skrifa ævisögu og gefa út rit. Að mati doktors-efnis hafa rannsóknir þess leitt til endurmats á Jóni lærða, sem „hljóti í raun að hafa notið mun meira álits, einkum meðal lærdómsmanna síns tíma, en til þessa hefur oftast verið haldið fram“ (99). Það virðist vera rétt og verður vart aftur snúið með þá endurskoðun á Jóni lærða. Hann var ekki bara sveimhuga fabúlant og galdrakarlar, heldur öðrum þræði alvarlega þenkjandi og fullboðlegur fræðimaður.

Aðeins einu æviatriði hefur mér tekist að bæta við, en það varðar strák sem Jón lærði eignaðist á elliárum fram hjá Sigríði Þorleifsdóttur konu sinni, Jón litla lærða sem svo var kallaður síðar. Einar Gunnar rekur heimildir um drenginn og kemst næst því að hann sé fæddur á árunum 1649–1659, þegar Gísli Magnússon var sýslumaður Múlasýslu (97). Fyrir nokkrum árum las ég mikið í sakeyrisreikningum sýslumanna á 17. öld í Þjóðskjalasafni og datt í hug að athuga hvort ekki mætti finna eitthvað þar um þetta brot, því að samkvæmt Stóradómi átti Jón að greiða átta ríkisdali í sekt til konungs. Og viti menn: reikningsárið 1650–1651 urðu Jón Guðmundsson og Ingibjörg Björnsdóttir sek um hördómsbrot í Múlasýslu og borguðu átta dali og tvö mörk í sekt, sem bendir til þess að hann hafi borgað hördómssekt, en hún verið ógift og sloppið með sekt fyrir frillulífisbrot. Þetta þýðir að Jón litli lærði er fæddur 1650 eða 1651, sem ekki er vitlaust að vita (Pí. Rentukammer Y-6. Reikningar jarðabókarsjóðs 1650–1660: Sakarfallsreikningar 1650–1651). Fimm karlar í Múlasýslu eru á réttum aldri árið 1703 til að geta verið þessi Jón Jónsson, einn hreppstjóri, tveir bændur, einn hjáleigumaður og einn bjargþrota næsta óhraustur (sjá Manntal 1703, nafnaskrá á lestrarsal Þjóðskjalasafns).

Þótt ég sé ekki á villigötum var þetta hálfgerður útdúring og ég held áfram. Skipulag æviágripsins er ekki eins og ég hefði viljað hafa það. Fyrst er farið í æviatriði og síðan lýst handritum sem Jón skrifaði og ritum sem hann samdi. Hér hefði farið betur á samfelldri umfjöllun í tímaröð líkt og til að mynda í doktorsritgerð Eriks Petersens um þýska fræðimanninn Johann Albert Fabricius, samtímamann Árna Magnússonar, sem varin var við Hafnarháskóla í gær. Sú leið hefði gefið kost á nokkurri greiningu á hugarheimi og hugsunum hins fjölhæfa og lífsreynda manns Jóns lærða. Tæpt er á einu og öðru hér og þar, meðal annars í umfjöllun um kvæði hans gegn Snæfjalladraumum árin 1611–1612, en oftast látið sitja við endursögn og almennar athugasemdir á borð við þá að raunveruleikaskyn Brynjólfs Sveinssonar og Gísla Oddssonar hafi ekki endilega verið ólíkt skyni Jóns (152). Þess er getið að Jón segi skemmtilega frá Staðarhóls-Páli í ættartölu sinni (60) og af lífshlaupi sínu með skemmtilegum útdúringum í ævikvæðinu Fjölmodi (58), en aldrei er lagt mat á það með hliðsjón af Edduritunum hver tilfinning hans hafi verið gagn-

vart þessum fornu textum, hvort hann hafi litið á þá sem sjóð af góðum sögum eða sem þekkingu á heiðinni trú eða hvað.

Ljóst er að minnsta kosti að Jón hafði smekk fyrir sögum og má benda á klausu í Tíðfordrifi þar sem segir af tilefni ferðar Sets, sonar Adams, til Parísar á vegum föður síns (The History of the Cross-Tree:60–61):

Þa er Adam hafdi lifað dccccxxxij ár i dalnum Ebron. var hann a eignum deigj mæddur af miklu starfi þui hann hafdi þyrnunum roskliga uppruskad. og studdist kall a hækiu sijna. tok hann þa ad hriggast harla miðg og huxa hiartannliga huðrsu marga illa hluti hann sa frammfara af sijnu afkuæmi i heiminum.

Ekki fer heldur á milli mála að Jón hafði gott skopskyn, sem sjá má í Ármanns rímum hans frá 1637 um viðureign Þorsteins gála og tröllskessunnar Flegðu (Jón Helgason 1948:19–20):

Þorsteinn hrakti hamra fljóð,  
hún þó af sér föllin stóð,  
stelpan þrýstin þreytti dreng,  
þar til honum var búið við spreng.

Þegar Ármann kom til hjálpar urðu örlög hennar svo sem við mátti búast ill og systra hennar skömmu síðar (Jón Helgason 1948:20):

Tekið var strax í fálu fót,  
fór þá illa leikan ljót,  
skiptu þeir henni í skálmir tvær,  
skaða fékk af því kletta mær.

Á einum stað efast doktorsefni um geðheilsu viðfangs síns (70) og bergmálar orð Páls Eggerts að tortryggni Jóns hafi með köflum verið hrein geðveiki (1926:342). Þá hugdettu hefði mátt nota til að leggja út af sterkri sjálfsvitund Jóns sem birtist í því að hann talar iðulega um sjálfan sig og segir til nafns í ritum sínum, auk þess sem ritunarár er víða að finna í handritum sem hann skrifaði og það allt frá unglingsárum, því að varðveitt er Guðmundar saga góða með hendi hans árið 1592, þegar hann var átján ára gamall (Stefán Karlsson 1983:lxxxvi). Þetta var ekki algengt á 17. öld. Jón var næmur og hugsandi maður, en varð fyrir hverju áfallinu á fætur öðru og sætti ofsóknum, sem jók enn á tilfinningasemi hans gagnvart umhverfinu og löngun til að tjá sig. Jón var listasmiður og málari, en líka ótrúlega forvitinn um alla skapaða hluti, samanber þau ummæli Þórðar biskups Þorlákssonar frá 1669, sem Ólafur Halldórsson birtir en doktorsefni nýtir sér ekki, að Jón „formedelst

hans curiositáts skyld bleff kaldet dend lærde“ (1978:197). Um hluti sem þessa er sjaldan rætt í inngangi Einars Gunnars og mun algengara er æði þröngt sjónarhorn og smásæ efnistöð.

Þetta tvennt veldur því líka að aldrei er lagt heildstætt mat á vinnuáferðir Jóns lærða. Doktorsefni margtekur fram í skýringum sínum að nú hafi Jón líkast til skrifað „eftir minni“ (299, 349, 356, 357, 361, 364, 374, 397, 428, 434, 435). Ljóst er að Jón tapaði öllum bókum sínum þegar hann hrökklaðist úr Strandasýslu eftir að hafa tekið málstað Spánverja sem drepnir voru með köldu blóði við Ísafjarðardjúp og í Dýrafirði haustið 1615. Þetta segir hann víða og í Samantektum ber hann sig illa undan bókaskorti og handrita: „enn ec alldeilis boklav“ (II:81). Jón bjó þá á Austfjörðum og hafði ekki úr miklu að móða við vinnu sína, örfátækur og einangraður á versta stað upp á handrit. Brynjólfur sendi honum spurningalista, en getur ekki verið að hann hafi sent honum handrit líka, sem Jón svo notaði? Það má hugsanlega ráða af orðum Jóns „Enn her a yðvare bok (fromi E(ðla) hera“ (II:81), sem doktorsefni telur að vísi til uppskriftar Jóns eftir Uppsala-Eddu fyrir Brynjólf veturinn 1636–1637 (298, 372–373). Jón Helgason getur þess að Ármanns rímur sýni að Jón hafi „fátt haft nýtilegt við að styðjast“ (1948:xiii), en Ólafur Halldórsson orðar sömu hugsun betur en nokkur annar þegar hann segir að frásögn Landnámu af för Snæbjarnar galta og Hrólfs rauðlenska til Gunnbjarnarkerja sé í Grænlandsannálum Jóns skrifuð „eftir minni af manni sem einhvern tíma hefur séð og lesið í Landnámu, en allt er komið í graut í hausnum á honum“ (1978:249–250).

Flest af því sem Jón lærði hefur úr öðrum ritum en Snorra Eddu er rakið eftir minni manns sem mundi vel og lengi það sem hann heyrði og las, þótt vitaskuld skolaðist eitt og annað til, en rúmum tveimur áratugum eftir að hann samdi Grænlandsannál mundi hann textann „mikið til utanað“ (Ólafur Halldórsson 1978:277). Í stað þess að hneykslast á því að Jón skuli hafa Yngvar víðförla norskan en ekki sænskan (339), hefði doktorsefni átt að hafa þá vitneskju sem komin er upp á yfirborðið um vinnulag Jóns til marks um menningarsögulegt fyrirbæri og tengja við rannsóknir undanfarin ár á minnistækni samtímamanna Jóns eða örlítið eldri á borð við Giordano Bruno á Ítalíu, sem Frances Yates skrifaði um fyrir þrjátíu árum í *The Art of Memory* og margir hafa fylgt eftir.

*Nýjung 3 eða kenning Einars Gunnars Péturssonar um glatað handrit með hendi séra Jóns Erlendssonar í Villingaholti, en uppskrift Ásgeirs Jónssonar senda til Stokkhólms frá Stangarlandi árið 1694.* Sá hluti verksins, eins konar inngangur að lýsingu á Sth papp 38 fol, er skilmerkilegur og lýsir því hvernig Brynjólfur biskup lét séra Jón gera eintak eftir riti Jóns lærða. Þor móður Torfason eignaðist handritið og lét skrifara sinn Ásgeir gera eintak fyrir Guðmund Ólafsson, starfsmann sænsku fornfræðastofnunarinnar í Uppsölum (153–167). Ég hef ekkert við þá greinargerð að athuga og hún er frumleg.

*Nýjung 4 eða kenning Einars Gunnars Péturssonar að Björn Jónsson á Skarðsá hafi gert útdrátt úr Samantektum Jóns lærða, að öllum líkindum árið 1644, þar sem einkum er haldið því efni sem Jón bætti við (211, 220). Þessi hugmynd er óvæfengjanleg, en ég lít á það sem mistök að hræra útdrættinum út í útgáfu Samantekta og setja hann að öðru leyti sem orðamun meðanmáls. Sniðugra hefði verið að gefa hann út sérstaklega eftir þeim fimm handritum sem varðveitt eru. Einar Gunnar tvítekur að „engin ástæða“ sé til að gefa B-textann út og færir þau rök að Eddutextinn sjálfstæði sé betur varðveittur í Á en B og viðbótarefni Jóns lærða heilla og betur varðveitt í Á (261). Þessu er ég ósammála. Nóg er plássíð í síðara bindinu og fengur hefði verið að því fyrir rannsóknir á fræðasögu 17. aldar að sjá í samfelldu máli hvernig Björn vann úr riti Jóns.*

*Nýjung 6 eða kenning Einars Gunnars Péturssonar að Jón lærði sé höfundur Ristinga. Það er besta mál í alla staði og sannfærandi, enda er vart að finna skýrari röksemdafærslu í bókinni (408–422), nema helst þar sem sýnt er með skorinorðum hætti fram á að Jón Eggertsson sé höfundur viðbóta við Tíðfordríf nafna síns lærða sem lesa má í tveimur handritum í Stokkhólmi (123–134).*

## 6. Lokaorð

Einar Gunnar Pétursson hefur mikið til síns máls þegar hann fullyrðir að rit sitt varpi nýju ljósi á margt í fræðasögu 17. aldar. Hann boðar framhald á rannsóknum sínum og gefur gagnlegar ábendingar um það sem helst þurfi að gera á þessu sviði, svo sem það að bréfabækur Brynjólfs séu vannýttar (29), gera þurfi Þorláki biskupi Skúlasyni betri skil (30) og rannsaka nánar fræðastarfsemi beggja biskupsstóla (32, 55). Efni í heila bók, segir hann, væri að tala um leiðslur og draumvitranir á 17. öld (387) og um galdratrú gæti hann skrifað aðrar tvær. *Eddurit Jóns lærða* og inngangur að þeim eru ásamt rannsóknum margra góðra fræðimanna drjúgur áfangi í átt til skilnings á því hvers vegna var farið að stunda markvissar athuganir og uppskriftir á íslenskum fornboókmenntum á fyrri hluta 17. aldar — þeirri spurningu hefur samt ekki verið svarað alveg nógu vel ennþá, en allt er þetta í áttina og doktorsefni ber okkur vel á veg.

## RITASKRÁ

- Pí. Rentukammer Y-6. Reikningar jarðabókarsjóðs 1650–1660: Sakarfallsreikningar 1650–1651  
 Manntal 1703, nafnaskrá á lestrarsal Þjóðskjalasafns  
 KU 12.03.07. Konsistorium. Acta Consistorii 1634–1645
- Greetham, D.C. 1994. *Textual Scholarship*. An Introduction. Garland Publishing, New York.
- Greetham, D.C. (útg.). 1995. *Scholarly Editing*. A Guide to Research. Modern Language Association of America, New York.
- Halldór Hermannsson (útg.). 1924. Jón Guðmundsson and His Natural History of Iceland. *Islandica* 15. Cornell University Library, Ithaca.
- Hannes Þorsteinsson (útg.). 1902. Ritgerð Jóns Guðmundssonar lærða um ættir o.fl. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju* 3:701–728. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.
- Haugen, Odd Einar. 1992. *Stamtre og tekstlandskap*. Studiar i resensjonsmetodikk med grunnlag i *Niðrstigningar saga*. I–II. Nordisk institutt, Bergen.
- Haugen, Odd Einar og Einar Thomassen (útg.). 1990. *Den filologiske vitenskap*. Solum forlag, Oslo.
- The History of the Cross-Tree down to Christ's Passion. An Icelandic Legend Version. Ed. Mariane Overgaard. EA B26. Munksgaard, Copenhagen.
- Jón Helgason (útg.). 1948. Ármanns rímur eftir Jón Guðmundsson lærða (1637) og Ármanns þáttur eftir Jón Þorláksson. *Íslensk rit síðari alda* 1. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.
- Jónas Kristjánsson (útg.). 1950. Spánverjavígin 1615. Sönn frásaga eftir Jón Guðmundsson lærða og Víkinga rímur. *Íslensk rit síðari alda* 4. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.
- Ólafur Halldórsson. 1978. *Grænland í miðaldaritum*. Sögufélag, Reykjavík.
- Páll Eggert Ólason. 1926. *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi*. IV. Rithöfundar. Reykjavík.
- Stefán Karlsson (útg.). 1983. Guðmundar sögur biskups I. Ævi Guðmundar biskups. Guðmundar saga A. EA B6. C. A. Reitzels forlag, Kaupmannahöfn.
- Viðar Hreinsson. 1996. Tvær heimsmyndir á 17. öld. Snorra Edda í túlkun Jóns Guðmundssonar lærða (1574–1658). *Guðamjöður og arnarleir*: Safn ritgerða um eddulist:117–163. Ritstj. Sveinir Tómasson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Yates, Frances Amelia. 1966. *The Art of Memory*. Routledge & Kegan Paul, London.

*Heimspéideild Háskóla Íslands*  
 Nýjagarði við Sæmundargötu  
 101 Reykjavík  
 marj@hi.is